



Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Áhrif hækkunar tekna á húsnæðisbætur og sérstakan húsnæðisstuðning

Þann 13. nóvember 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um heildarkostnað Reykjavíkurborgar af því ef ekki yrði tekið mið af auknum tekjum lífeyrisþega sem rekja má til þess að dregið var úr skerðingum á sérstakri uppbót á lífeyri með lagabreytingum í sumar. Hér er verið að tala um að Félagsbústaðir geri engar breytingar á upphæð húsnæðisstuðnings þessa hóps heldur héldist hann óbreyttur þann tíma sem um ræðir. Forsaga málsins er sú að í sumar var lögum breytt um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar, þar sem dregið var úr tekjutengingu sérstakrar uppbótar. 65% af tekjum örorkuþega hafa nú áhrif á útreikning sérstakrar uppbótar í stað 100 prósent. Breytingar gilda frá áramótum en voru lögfestar á miðju ári og því fengu öryrkjar leiðréttinguna greidda afturvirk 1. ágúst síðastliðinn. Afleiðingar urðu þær að leiga fjölmargra öryrkja hækkaði umtalsvert og hafa því þær auknu tekjur sem frumvarpið skilar örorkulífeyrisþegum þurrkast út vegna þess að Félagsbústaðir skerða húsnæðisstuðning til leigjenda vegna aukinna tekna.

Svar:

Bætur bótaþega Tryggingastofnunar voru endurreiknaðar og voru leiðréttingar frá og með 1. janúar greiddar út í september 2019. Endurgreiðslurnar leiddu til hækkunar tekna og höfðu áhrif á útreikning húsnæðisbóta frá Íbúðalánasjóði og útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings frá Reykjavíkurborg.

Í meðfylgjandi töflu má sjá áhrifin af breytingu á greiðslu upphæð sérstaks húsnæðisstuðnings milli september og október 2019.

Við útreikning á áhrifunum voru greiðslurnar í september skoðaðar og bornar saman við greiðslurnar í október. Gengið var út frá því að hækkun á tekjum þessa hóps væri til komin vegna hærri bóta frá Tryggingastofnun.

	Fjöldi	Upphæð	Lækkun að meðaltali
Félagsbústaðir	765	12.161.966	15.898
Annað húsnæði	358	5.903.123	16.489
Samtals	1.123	18.065.089	16.086

1.123 voru með hærri tekjur í október en í september og lækkuðu húsnæðisbætur til þeirra um samtals 18 m.kr. eða að meðaltali um 16 þúsund krónur á einstakling.

Greiðslum Tryggingastofnunar var dreift á þrjú mánuði og leiddi tekjuaukningin því til skerðingar húsnæðisstuðnings í 3 mánuði.